

Fundargerð:

Samstarfsnefnd um sameiningu Árneshrepps og Kaldrananeshrepps

Samstarfsnefnd um sameiningu Árneshrepps og Kaldrananeshrepps kom saman til fundar þann 20. febrúar 2026 kl. 10:00 í fjarfundi á Teams.

Fundinn sátu:

- Finnur Ólafsson, Kaldrananeshreppi
- Halldór Logi Friðgeirsson, Kaldrananeshreppi
- Hildur Aradóttir, Kaldrananeshreppi
- Arinbjörn Bernharðsson, Árneshreppi
- Delphine Briois, Árneshreppi
- Jón Hrói Finnsson, frá KPMG
- Lilja Ósk Alexandersdóttir, frá KPMG sem ritaði fundargerð

Dagskrá:

1. Kynning á tillögu

JHF kynnti stöðu kynningarmála. Kynningarefni og forsendur álits er orðið aðgengilegt á heimasíðum sveitarfélaganna. Samstarfsnefnd staðfestir fréttatilkynningu og felur ráðgjöfum að senda hana á helstu fjölmiðla. Samstarfsnefnd staðfestir dreifibréf vegna sameiningartillögu og mun hvert sveitarfélag fyrir sig sjá um prentun og dreifingu á dreifibréfinu.

2. Efni fyrir íbúafundi

Umræða um fyrirkomulag og efni fyrir íbúafundi sem haldnir verða 9. mars nk.

3. Sameiginleg kjörstjórn

Ráðgjafar munu boða fulltrúa í sameiginlegri kjörstjórn vegna íbúakosninga til fyrsta fundar.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 11:15.